

FUNDARGERÐ

327. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs var haldinn 25. maí 2022 í fundarsal skrifstofu Úrvinnslusjóðs að Suðurlandsbraut 24, Reykjavík

Boðuð dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
2. Verkefnin framundan
3. Flutningsjöfnun
4. Rekstur
5. Önnur mál

Fundinn sátu:

Magnús Jóhannsson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri (ÓK).

Áslaug Hulda Jónsdóttir (ÁJ) boðaði forföll.

BSB ritaði fundargerð.

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Fundargerð 324. fundar stjórnar var samþykkt með breytingum.
2. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að óska eftir upplýsinga frá UOL-ráðuneyti um stöðu og gildistöku innleiðingar tilskipana (ESB) 2018/850–2018/852 á hinum Norðurlöndunum.
3. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að upplýsa og afla álits á hvort kröfur til öflunar upplýsinga skv. 1. og 15. gr. laga nr. 162/2002, sbr. 28. gr. og c- og d-lið 38. gr. laga nr. 103/2021, hefðu verið innleiddar með fullnægjandi hætti, hvort nægilegra upplýsinga hefði verið aflað vegna útflutnings slíks úrgangs frá gildistöku framangreindra ákvæða laga nr. 103/2021 og eftir atvikum hvaða áhrif ófullnægjandi upplýsingaöflun kynni að hafa á heimildir sjóðsins til að inna endurgjald af hendi.
4. Ákveðið var að skrifstofa Úrvinnslusjóðs mundi afla frekari kostnaðargagna vegna tillögu um úrvinnslu frauðplasts, legði nánara mat á áhrif samþykktar

tillögunnar á stöðu sjóðsins og frekari umræðu yrði frestað til næsta stjórnarfundar.

5. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að taka saman samanburð á virkni fyrra flutningsjöfnunarkerfis og þess sem lagt er til, m.a. hverjir hefðu fengið framlag í formi flutningsjöfnunar og vegna hvaða staðsetninga og hverju greiðslurnar hefðu numið.
6. Ákveðið var að fela ÓK að kynna drög að breytingum á flutningsjöfnun fyrir sveitarfélögum á opnum fundi. Í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga verður farið yfir fyrirkomulagið með fjórum sveitarfélögum sem sambandið velur áður en til slíkrar kynningar kemur.

Dagskrárliðir og umræður:

Fundur var settur kl. 08:40

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Gengið var endanlega frá þegar samþykktum breytingum á fundargerð 325. stjórnarfundar.

Drög að fundargerð 326. stjórnarfundar lágu fyrir á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs. Gerðardrögin voru SAMÞYKKT með breytingum sem var ráðist í á staðnum og verður fundargerðin send stjórnarmönnum til rafrænnar undirritunar.

2. Verkefnin framundan

Á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs lá fyrir verkefnaáætlun á PP-formi ásamt minnisblaði með skráarheitið *F325 D02 Verkefnaáætlun staða mála 2.3.22*. Þá lágu einnig fyrir drög að samningi við ráðstöfunaraðila og samantekt lagaákvæða um kynningar og fræðslumál.

ÓK fór yfir stöðu verkefna á áætluninni og gerði grein fyrir uppfærslum tímasetninga í ljósi þróunar verkefna. Benti hann á að enn vantaði gögn frá Skattinum en von væri á tillögum frá stofnuninni. Þá kom fram að UOL-ráðuneyti hefði enn ekki sent sjóðnum minnisblað um sérstaka söfnun. Gerði ÓK grein fyrir stöðu sk. veiðarfærasamnings Hann upplýsti einnig um fund skrifstofu Úrvinnslusjóðs, Umhverfisstofnunar og fulltrúa íslenskra sveitarfélaga um fræðslu- og kynningarmál. Þá kom fram að unnið væri að útfærslu tillögu um úrvinnslugjald á rafhlöður m.t.t. skýrsludraga ráðgjafa.

Stjórn ræddi málin.

3. Flutningsjöfnun

Á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs lá fyrir töflureikniskjal með heitið *Flutningsjöfnun tafla 25.4.2022 DRÖG*.

ÓK gerði stjórnarmönnum grein fyrir vinnu við gerð tillögu um breytingar á flutningsjöfnun. Fram kom að yfir stæði endurskoðun minnisblaðs um málið og ráðgert væri að taka málið fyrir að nýju á næsta stjórnarfundi. Gerði ÓK stuttlega grein fyrir megináherslum að baki tillögunni.

4. Rekstur

ÓK birti rafrænt yfirlit á skjá sem sýndi tekjur og útgjöld einstakra uppgjörsflokka og upplýsti að stjórn yrði heimilaður aðgangur að yfirlitinu innan tíðar. ÓK gerði stjórnarmönnum grein fyrir stöðu uppgjörsflokka í meginatriðum og hvatti þá til nánari yfirferðar utan fundar. EM óskað eftir því að stjórn yrði gert fært að átta sig á útgjöldum m.t.t. mismunandi ráðstöfunar. ÓK upplýsti að erfiðlega hefði gengið að ganga frá þannig frá tölum að það yrði unnt.

Stjórn ræddi málið.

5. Önnur mál

ÓK gerði stjórnarmönnum grein fyrir efni umsagnar Úrvinnslusjóðs við skýrsludrög Ríkisendurskoðunar um úttekt á sjóðnum og benti í því samhengi á tiltekin atriði sem hann taldi þurfa leiðréttingar við. Stjórn ræddi málið. ÓK yfirgaf fundinn kl. 09:13 og stjórn ræddi málið nánar. Var ÁKVEÐIÐ að fela MJ og LÓ að gera breytingar á drögum að umsögn Úrvinnslusjóðs. ÓK kom að nýju til fundarins kl. 09:26.

EM ítrekaði að á stjórnarfundum 3. maí 2022 hefði verið samþykkt að skrifstofa Úrvinnslusjóðs mundi afla gagna vegna tillögu um endurgjald vegna frauðplasts. ÓK tók fram að unnið væri að gagnaöflun og fyrir dyrum væri fundur með Sorpu vegna málsins.

Formaður sagði frá fyrirætlan ráðherra að skipa nefnd til þess að fara yfir fyrirkomulag framleiðendaábyrgðar hér á landi.

Fleira var ekki gert á 327. fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs og fundi slitið kl. 10:04.